Kennarar: Hildur Ósk Indriðadóttir og Sveinbjörg Anna Karlsdóttir

Tímafjöldi: 1

Kennslufyrirkomulag: Kennsla inn í bekk.

Bekkur: 3. bekkur

| Enska |
|---|
| Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaþroska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.<br><br>Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt. |

| Enska | | | |
|---|---|---|---|
| Námsþættir: | Námsefni: | Hæfniviðmið í 3. bekk<br>Nemandi: | Leiðir: |
| Hlustun<br>Lestur<br>Talað mál<br>Ritun | Portfolio - Speak out<br><br>Portfolio - Work our | - Skilji mjög einfaldan texta<br>- Þjálfist með að vinna með orð<br>- Æfi réttritun algengra orða á ensku sem koma fyrir í námsefninu<br>- Geti heilsað og kvatt á ensku<br>- Geti kynnt sig með nafni og spurt aðra að nafni<br>- Kunni tölur frá 1-20<br>- Kunni algengustu liti<br>- Þekki heiti yfir algengar flíkur<br>- Þekki algeng heiti yfir fjölskyldumeðlimi<br>- Þekki heiti yfir helstu líkamshluta<br>- Þekki heiti fingranna<br>- Þekki nokkur algeng dýraheiti yfir húsdýrin<br>- Þekki helstu heiti yfir ávexti<br>- Þekki heiti yfir nokkur veðurfyrirbrigði<br>- Geti sagt hvað hann er gamall og spurt um aldur<br>- Þekki kveðjur sem notaðar eru á afmælum og jólum | - Vinnubók<br>- Hlustun<br>- Leikir<br>- Söngur<br>- Áhorf af neti |
| Námsmat: Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum og með vor og haust könnunum. | | | |